

REGLUGERÐ

182

um sérstakan tímareikning.

14. okt.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Tímareikningur sá, sem gilt hefur á Íslandi frá 8. marz s. l. samkvæmt reglugerð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 4. marz 1942, breytist aftur í íslenskan meðaltíma kl. 2 eftir miðnætti 25. október næstkomandi þannig, að kl. 2 eftir núgildandi tímareikningi færist klukkan aftur um eina klukkustund og verður 1.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. október 1942.

Jakob Möller.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

183

um breyting á reglugerð um notkun pósta frá 25. marz 1925.

15. okt.

Samkvæmt 1. gr. póstlaga nr. 31 frá 12. febrúar 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð frá 25. marz 1925, um notkun pósta.

1. gr.

Önnur málsg. 8. gr. breytist þannig:

Hámark póstávisana til kaupstaða (Akraness, Akureyrar, Hafnarfjarðar, Ísa-fjarðar, Reykjavíkur, Neskaupstaðar, Seyðisfjarðar, Siglufjarðar og Vestmannaeyja) er kr. 10000, en til annarra póstaðgreiðslustaða kr. 2000.

2. gr.

Fyrsta málsg. 9. gr. breytist þannig:

Póstkröfur eru kröfur um greiðslu á peningaupphæðum, sem póststjórnin annast innheimtu á. Innheimtu á póstkröfum annast póststofur, póstaðgreiðslur og bréf-hirðingar. Hámark póstkröfuupphæðar má vera kr. 10000, ef póstkröfuávisunin á að útborgast í kaupstað (Akranesi, Akureyri, Hafnarfirði, Ísafirði, Reykjavík, Neskaupstað, Seyðisfirði, Siglufirði og Vestmannaeyjum), annars kr. 2000.

3. gr.

Fimmta málsg. 10. gr. breytist þannig:

Póststofur og póstaðgreiðslur annast póstinnheimtur, allt að kr. 10000 fyrir menn búsetta í kaupstöðum (Akranesi, Akureyri, Hafnarfirði, Ísafirði, Reykjavík, Neskaupstað, Seyðisfirði, Siglufirði og Vestmannaeyjum), en allt að kr. 2000 fyrir menn búsetta annars staðar. Sá, sem vill fá kröfur innheimtar af póststjórninni, verður sjálfur að senda þær í ábyrgðarbréfi til pósthúss þess, sem á að innheimta þær.

4. gr.

Reglugerð þessi gengur þegar í gildi.

Póst- og símamálastjórnin, 15. október 1942.

Guðmundur Hlíðdal.

E. Sandholt.